

19% aukning nýrra örorkutilfella

Alls fékk 1.471 einstaklingur úrskurðað 75% örorkumat í fyrsta sinn árið 2015 en það er 19% fleiri en árið áður. VIRK starfsendurhæfingarsjóður er farinn að taka við umtalsvert fleira fólki í sína þjónustu en mikill fjöldi ungs fólks í þeirra hópi er áhyggjuefni að mati forstjóra VIRK.

KÁRI FINNSSON
kari@vb.is

Á síðasta ári fékk 1.471 einstaklingur úrskurðað 75% örorkumat í fyrsta sinn en það er 19% fleiri en árið 2014. Frá aldamótum var mesta aukningin í nýgengi öryrkja árið 2009 þegar 1.528 manns fengu í fyrsta sinn úrskurðað 75% örorkumat. Þetta kemur fram í upplýsingum sem Tryggingastofnun tók saman fyrir Viðskiptablaðið.

Samkvæmt Tryggingastofnun voru alls 17.479 einstaklingar með 75% örorkumat í gildi árið 2015. Alls hefur þeim fjölgað um 28% á síðustu tíu árum en Íslendingum fjölgaði samtals um 12% á sama tíma. Árið 2015 voru 5.124 öryrkja eða 29% með skerta starfsgetu vegna stoðkerfissjúkdóma og 6.628 eða 38% með geðraskanir. Saman telja þessir flokkar 67% af allri örorku í landinu. Algengasta orsök 75% örorkumats hjá einstaklingum undir 30 ára aldri er geðraskanir en fjöldi einstaklinga á því aldursbili með geðraskanir á síðasta ári nam 1.064.

18% undir 30 ára aldri

Ekki er hægt að sjá markverða aukningu á fjölda fólks með 75% örorkumat undir 30 ára aldri á milli ára. Ef lítið er hins vegar til nýgengi örorku þá sést að fjölgunin hefur verið þó nokkur á síðustu árum. Árið 2015 fengu 261 einstaklingur undir 30 ára aldri í fyrsta sinn úrskurðað 75% örorkumat en það eru svipað margir og árið 2009 en þá mældist mesti fjöldi í nýgengi öryrkja undir 30 ára aldri frá aldamótum. 30 ára og yngri voru 18% allra nýskráðra öryrkja á síðasta ári en það hlutfall hefur staðið í stað frá árinu 2013.

Á meðal þeirra úrræða sem standa fólki með skerta starfsgetu til boða er starfsendurhæfing VIRK. Á síðasta ári voru 1.794 nýir einstaklingar skráðir í þjónustu VIRK starfsendurhæfingarsjóðs



17.479

ÖRYRKJAR

Einstaklingar með 75% örorkumat í gildi árið 2015.

Örorkulífeyrisþegum hefur fjölgað um 28% á síðustu tíu árum á meðan íslendingum fjölgaði um 12% á sama tíma.

og 1.346 útskrifaðir. Heildarfjöldi þeirra sem hafa leitað til VIRK frá stofnun hans árið 2009 er 9.288 á meðan fjöldi þeirra sem hafa lokið þjónustu er 5.110. Einstaklingar sem glíma annaðhvort við stoðkerfisvandamál eða geðræn vandamál hafa fjórfaldast á sama tímabili á meðan einstaklingar sem glíma við önnur vandamál

hafabrefaldast. Þetta kemur allt fram í ársriti VIRK sem gefið var út á dögunum.

Glíma við afleiðingar krepunnar

Að sögn Vigdísar Jónsdóttur, forstjóra VIRK, hafa starfsmenn stofnunarinnar tekið eftir því að fagaðilar eru farnir að vísa á þjón-


ustu hennar í auknum mæli.

„Eftir að lög voru sett um starfsemi okkar árið 2012 þá eru allir velkomnir ef þeir uppfylla ákveðnar faglegar kröfur. Þannig stækkar hópurinn sem kemur til okkar og við fáum fólk til okkar sem hefur verið lengur frá vinnu- markaðnum þegar það er að koma inn. Svo erum við líka að glíma

við afleiðingar krepunnar. Ráðgjafar okkar segja við mig að það sé talsvert af fólki sem kemur frá félagsþjónustunni sem hafði farið þangað eftir kreppu. Það er fólk sem er búið með atvinnuleysisbótaréttinn, fer á félagsþjónustuna og síðan til okkar. Það hefur fjölgað mikið fólki sem kemur frá félagsþjónustunni á síðustu


Ástæður fjarvista frá vinnumarkaði

— sem skrá sig hjá VIRK frá 2011 til 2015



Nýgengi örorku

— fjöldi þeirra sem fengu í fyrsta sinn úrskurðað 75% örorkumat á hverju ári



96

Við útskrifum talsvert af fólki sem hefur hálfá starfsgetu en hefur ekki möguleika á öðru en fullum örorkulífeyri.

tveimur til þremur árum. Þetta er líka hópur sem er búinn að vera lengi frá vinnu og er með fjölþætt vandamál.“

Aukning ungs fólks áhyggjuefni

Vigdís bendir á að það sé ákveðið áhyggjuefni hversu mikil fjölgun er á fólki undir 34 ára aldri sem innritast í þjónustu VIRK. Árið 2011 var hlutfall þessa aldurshóps 24% af öllum sem innrituðust það árið en á síðasta ári var hlutfallið um 45%. Vigdís bætir því við að hún vilji sjá ákveðnar breytingar á örorkulífeyriskerfinu. „Sem dæmi þá getur fólk ekki farið á hálfan örorkulífeyri,“ segir hún. „Við útskrifum talsvert af fólki sem hefur hálfá starfsgetu en hefur ekki möguleika á öðru en fullum örorkulífeyri. Það er ekki til neitt sem heitir hálfur örorku-

lífeyrir hjá Tryggingastofnun.“

Úr örorku í starfsgetu

Nýlega lagði nefnd um endurskoðun almannatryggingakerfisins fram skýrslu til Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra. Í henni eru lagðar fram umtalsverðar breytingar á almannatryggingakerfinu en á meðal þeirra er lögð til upptaka svokallaðs starfsgetumats í stað örorkumats. Lagt er til að matskerfið verði tveggja þrepa, í fyrsta þrepi verulega skert starfsgeta (26-50%) og í öðru þrepi lítil sem engin starfsgeta (0-25%). Í tengslum við nýtt matskerfi verða svo teknar upp hlutabætur í almannatryggingum.

Í skýrslunni kemur fram að ekki náðist samstaða í nefndinni varðandi upptöku starfsgetumats. Var það helst Öryrkjabandalagið (ÖBÍ) sem lagðist gegn því að allir örorkulífeyrisþegar færu sjálfkrafa undir nýtt starfsgetumat og gagnrýnir það einnig að útfærsla starfsgetumats sé óljós. Þá segir í sérálit Öryrkjabandalagsins um skýrsluna að vinnumarkaðurinn sé ekki nægilega tilbúinn að veita fólki með skerta starfsgetu hlutastörf og/eða störf með sveigjanleika. Þannig sé ekki skýrt hvernig starfsgetumatid kemur við fólk sem hefur skerta starfsgetu og sem er að hluta á vinnumarkaði.

Svartsýnn á breytingar

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarfrankvæmdastjóri Samtaka at-

vinulífsins, sat í nefndinni fyrir hönd samtakanna. Hann er ekki sammála ÖBÍ og telur ástæðulaust að gefa sér fyrirfram að íslenskur vinnumarkaður sé ekki í stakk búinn til að taka á móti fólki í hlutastarfi sem hefur skerta starfsgetu. „Það verður að láta á það reyna,“ segir Hannes. „Við höfum svarað þessari röksemd þannig að íslenski vinnumarkaðurinn er með mjög hátt hlutfall hlutastarfa í samanburði við önnur OECD ríki. Við sjáum fram á mikinn innflutning á erlendum starfsmönnum vegna þess að vinnumarkaðurinn stækkar ekki nándar nærri eins mikild og þörf er fyrir ef við ætlum



Vigdís Jónsdóttir.

Hannes G. Sigurðsson.

að halda hagvexti á komandi árum. Það er enginn spurning að vinnumarkaðurinn aðlagast því að bjóða fólki starf sem hentar þeim sem eru með skerta starfsorku til jafns við aðra. Ef það eru einhverjar fyrirstöður þá vinnum við í þeim fyrirstöðum.“

Hannes segir að eins og staðan sé í dag sé hann ekki vongóður um að sátt náist um að taka upp starfsgetumat með hlutabótum í almannatryggingum. „Ég er svolítið svartsýnn vegna þess að það virðist sem svo að stjórnmalaflokkarnir séu ekki mjög til í að gera breytingar sem eru í andstöðu við vilja Öryrkjabandalagsins,“ segir hann. „Jafnvel þó að þetta sé augljóslega til þess fallið að bæta stöðu fólks sem stendur höllum fæti á vinnumarkaðnum. Markmiðið er að halda fólki á vinnumarkaðnum með aukinni þjónustu og við teljum að þetta skref, að taka upp hlutabætur, sé mikil réttarbót fyrir þennan hóp fólks.“



Félag löggiltra endurskoðenda

ENDURSKOÐUNARDAGUR 2016

Ráðstefna um endurskoðun

Föstudagur 15. apríl á Grand Hótel Reykjavík
Ráðstefnustjóri: Pétur Hansson

8:30 - 8:45

Ráðstefnan sett

Margrét Pétursdóttir, formaður FLE

Breytingar á áritunum

Valgerður Kristjánsdóttir endurskoðandi EY fjallar um breytingar á stöðlum um áritanir og nýjan staðal um "key audit matters" sem er hluti af nýju árituninni fyrir skráð félög.

The future of corporate reporting- audit and assurance.

Olivier Boutellis-Taft framkvæmdastjóri Evrópusambands endurskoðenda (FEE). What will the future hold for the profession and the need for innovation.

9:50 - 10:10

Kaffihlé

The future.. - continued

Olivier - framhald

Leiðbeinandi tilmæli FME 4/2015

María Rúriksdóttir, sérfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu fjallar um leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2015 um samskipti Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda eftirlitsskyldra aðila sem jafnframt eru einingar tengdar almannahagsmunum.

Störf endurskoðenda þegar fjárhagslegir erfiðleikar eru til staðar

Dr Markús I. Eiríksson fjallar um niðurstöður rannsóknar á samninga- viðræðum íslenskra endurskoðenda og viðskiptavina þeirra eftir hrún.

Plain Vanilla

Ýmir Örn Finnbogason CFO Plain Vanilla fjallar um rekstur og fjármögnun sprotafyrirtækja á Íslandi.

12:30

Ráðstefnulok

Ráðstefnan er öllum opin. Ráðstefnugjald er kr. 24.000 fyrir félagsmenn FLE, og starfsfólk endurskoðunarfyrirtækja en kr. 30.000 fyrir aðra. Ráðstefnan gefur samtals 4 einingar í flokknum endurskoðun samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda.

Vinsamlegast skráið þátttöku á vef Félags löggiltra endurskoðenda www.fle.is eigi síðar en kl. 12:00 þann 14. apríl.